



AÐALFUNDUR HOLLVINA GRENSÁSDEILDAR 2022

Haldinn á Grensásdeild 24.október 2022 kl 16:30-18

Viðstödd:

Guðrún Pétursdóttir, Jóhanna Jóhannesdóttir, Páll Svavarsson, Sigríður Þórhallsdóttir
Sigrún Garðarsdóttir, Stefán Hans Stephensen, Valdimar Guðnason, Þór Jakobsson, Þórunn
Þórhallsdóttir
Forföll höfðu boðað: Bryndís Björk Kristjánsdóttur og Ottó Schopka

Í upphafi minntist fundurinn Birgis Ingimarssonar varaformanns HG, sem lést þann 21.október 2022. Guðrún Pétursdóttir formaður lýsti mannkostum Birgis og ómetanlegu starfi hans fyrir HG, en hann hafði setið í stjórn um árabíl og gjörbreytt kynningarstarfi samtakanna. Hún þakkaði fyrir hönd Hollvina Grensásdeildar allt sem Birgir og fjölskylda hans hafa gert fyrir Hollvinina. Fundurinn samykkti að Hollvinir sendi þakkir og krans fyrir útför Birgis sem verður í Langholtskirkju föstudaginn 4. nóvember 2022 kl 15.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Kosning fundarstjóra og ritara fundarins.

Fundarstjóri var kosinn Páll Svavarsson og Sigríður Þórhallsdóttir var kosin ritari aðalfundar.

2. Skýrsla stjórnar

Formaður kynnti ársskýrslu stjórnar fyrir árið 2021. Starfið einkenndist af undirbúningi fyrir nýbyggingu deildarinnar og endurgerð garðsins milli aðalbyggingar og sundlaugar, en HG stóðu fyrir þeim framkvæmdum með fulltingi LSH og greiddi fyrir vinnu hönnuða og verktaka. Einnig færðu HG deildinni ýmis tæki og búnað sem starfsmenn höfðu óskað eftir. Í árslok 2021 voru félagsmenn 425. Nánar má lesa um starf ársins í ársskýrslunni.

3. Kynning reikninga 2021

Valdimar Guðnason kynnti reikninga ársins 2021.

Gjafir til Grensásdeildar námu rúmum 16 milljónum króna. Stærsti tekjupóstur ársins var símsöfnun á vegum Símsstöðvarinnar, sem skilaði rúmum 22 milljónum króna, auk veglegra gjafa og sölu minningarkorta. Tekjur ársins umfram gjöld námu 11,4 milljónum króna. Nánar má lesa um fjármál HG í ársreikningi 2021.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður, spurningar og svör. Síðan voru ársskýrslan og reikningarnir borin upp sitt í hvortu lagi til samþykktar eða synjunar, og voru bæði samþykkt einróma.

4. Árgjald

Ákveðið að árgjald HG fyrir árið 2022 verði óbreytt, kr 2000.-

5. Kjör stjórnar og skoðunarmanna reikninga:

Eftirtalin voru einróma kjörin í stjórn Hollvina Grensásdeildar: Bryndís Björk Kristjánsdóttir, Guðrún Pétursdóttir, Svava Magnúsdóttir, Valdimar Guðnason, og Þórunn Þórhallsdóttir.

Stjórn skiptir með sér verkum.

Í varastjórn voru kosnir: Baldvin Jónsson og Ottó Schopka.

Jóhanna Jóhannesdóttir og Þór Jakobsson voru einróma kjörin skoðunarmenn reikninga.

6. Önnur mál.

- a. Formaður kynnti að stjórn HG hefur sótt til Ríkisskattstjóra og Félagsins Almannaheilla um skráningu Hollvina Grensásdeildar á Almannaheillaskrá. Almannaheillir hafa samþykkt það, en svar hefur enn ekki borist frá RSK. Samþykki RSK það, opnast tækifæri til skattaafsláttar á gjöfum til Grensásdeildar.

Starfsmenn RSK bentu HG á að það vantaði ákvæði um firmariton í lög félagsins.

Í samræmi við það kynnti formaður tillögu um breytingu á lögum HG. Við grein um Stjórnun bætist: „Firmariton er höndum meirihluta stjórnar“

Umræður sköpuðust um þessa breytingu. Páll Svavarsson benti á að með breytingu á lögum um ábyrgð stjórna félaga, bera allir stjórnarmenn ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum félagsins. Því væri spurning hvort hluti stjórnar getur skuldbundið alla til að bera ábyrgð á fjárhagslegum gerningum.

Valdimar Guðnason tekur að sér að kanna þetta nánar. Ef þetta reynist í lagi er breytingin samþykkt.

Þórunn Þórhallsdóttir hyggst láta af starfi fjármálastjóra og gjaldkera Hollvina Grensásdeildar, sem hún hefur gegnt í nærri 15 ár.

Formaður stjórnar þakkaði Þórunnni og færði henni blómvönd fyrir hennar ómetanlega starf og þann góða árangur sem hún hefur náð við að ávaxta sjóði félagsins. Hún hefur sannarlega vakað yfir þeim dag og nótt allan þennan tíma, sem endurspeglast í góðri stöðu sjóðanna þrátt fyrir veglegar gjafir til deildarinnar.

Sigrún Garðarsdóttir kvað sér hljóðs og þakkaði fyrir hönd starfsmanna og skjólstæðinga Grensásdeildar þann mikla styrk sem Hollvinir hafa reynst deildinni. Það væri ómetanlegt að geta með stuttum fyrirvara leitað til Hollvina með brýn erindi, eins og kaup á

nauðsynlegum búnaði, og fá umsvifalaust lausn mála. „Án Hollvina væri Grensásdeild ekki það sem hún er“ sagði Sigrún.

Í lokin sköpuðust umræður um þær áskoranir sem Hollvinir mæta nú, þegar Birgis Ingimarssonar nýtur ekki lengur við. Einnig voru rædd áform vegna 50 ára afmælis Grensásdeildar á næsta ári, 2023.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18.

SP/GP